

Jörðinni Gunnarshólma
Jörðinni Geirlandi
Jörðinni Geirlandi II
Geirlandi, Miðmundarmýri og Miðmundarhólum.
Ennfremur eftirgreindum eignarlöndum úr jörðinni Lækjarbotnum:
Lbl. 31 Seli
Lbl. 32 Selfjallaskála
Lbl. 33 Landi Skátasambands Reykjavíkur
Lbl. 46 Hamri
Lbl. 54 Núpstúni
Lbl. 57 Sumarbústað Núpstúnslandi
Lóð Ívars Bjarnasonar, Skipholti 8, skv. heimildarbréfi dags. 1.11.1963.“
Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsætningu hennar að telja.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um uppgjör á vangoldnum tekjuskatti og eignarskatti.

1. gr.

Innheimtumönnum ríkissjóðs og gjaldheimtum er heimilt að semja við einstaklinga, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í 1. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., 2.–4. tl. A-liðs 7. gr. og C-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, á þeim tíma sem skuldin myndaðist, um greiðslu á álögdum tekjuskatti og eignarskatti ársins 1987 og fyrri ára, sem er í vanskilum 1. mars 1989, samkvæmt því sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

Þeir sem skulda skatt af tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. og B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, eiga ekki kost á að gera upp vanskilin samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Þeir sem óska eftir því að fá að greiða vangoldin gjöld sem um ræðir í 1. gr. skulu sækja um það á sérstökum umsóknareyðublöðum sem liggja frammi hjá viðkomandi innheimtuaðila.

Í umsókn skal getið um tekjur umsækjanda og maka hans á árinu 1988 og jafnframt skal því lýst yfir af umsækjanda að álagning gjalda sem hér um ræðir sé ekki til meðferðar hjá skattstjóra, ríkisskattstjóra, ríkisskattanefnd eða dómstólum.

Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Vottorð skattstjóra um að viðkomandi aðili hafi ekki haft aðrar tekjur en getið er um í 1. gr. á því tímabili sem um ræðir. Með vottorði skattstjóra skal fylgja ljósrit af álagningarblaði vegna umræddra ára.
- Staðfest ljósrit af skattframtali ársins 1988.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 1989. Umsóknum skal skilað til þess innheimtuaðila sem hefur skuldina til innheimtu. Ef umsækjandi er í vanskilum við fleiri en einn innheimtuaðila verður hann að senda inn umsókn til hvers þeirra um sig.

3. gr.

Umsækjendur geta óskað eftir því að gera upp vangoldin tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrr með eftirfarandi hætti:

1) Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp með skuldabréfi til þriggja ára. Ef skuldari gerir upp skuldina með þessum hætti mun ríkissjóður ekki fella neitt niður af skuldinni né af dráttarvöxtum. Skuldin skal miðuð við stöðu þann 1. janúar 1989. Skuldabréfið skal vera með 36 jöfnum mánaðarlegum greiðslum með fyrstu afborgun þann 15. júní 1989.

Skuldabréfið skal bera 1,5% vexti og vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu. Skuldabréfið skal tryggt með þeim hætti sem innheimtumaður telur viðunandi, t.d. með fasteignaveði, bankaábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð tveggja manna. Skuldabréfið skal sent ríkisfóhirði til innheimtu.

2) Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp með skuldabréfi til fjögurra ára. Ef skuldari gerir upp skuldina með þessum hætti mun ríkissjóður ekki fella neitt niður af skuldinni né af dráttarvöxtum. Skuldin skal miðuð við stöðu þann 1. janúar 1989. Skuldabréfið skal vera með 48 jöfnum mánaðarlegum greiðslum með fyrstu afborgun þann 15. júní 1989. Skuldabréfið skal bera 2,5% vexti og vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu. Skuldabréfið skal tryggt með þeim hætti sem innheimtumaður telur viðunandi, t.d. með fasteignaveði, bankaábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð tveggja manna. Skuldabréfið skal sent ríkisfóhirði til innheimtu.

3) Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp með skuldabréfi til fimm ára. Ef skuldari gerir upp skuldina með þessum hætti mun ríkissjóður ekki fella neitt niður af skuldinni né af dráttarvöxtum. Skuldin skal miðuð við stöðu þann 1. janúar 1989. Skuldabréfið skal vera með 60 jöfnum mánaðarlegum greiðslum með fyrstu afborgun þann 15. júní 1989. Skuldabréfið skal bera 3,5% vexti og vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu. Skuldabréfið skal tryggt með þeim hætti sem innheimtumaður telur viðunandi, t.d. með fasteignaveði, bankaábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð tveggja manna. Skuldabréfið skal sent ríkisfóhirði til innheimtu.

Umsækjandi skal tilgreina í umsókn sinni með hvaða hætti (leið 1 til 3) hann óskar eftir að fá að gera upp skuld sína við ríkissjóð. Innheimtuaðili getur hafnað umsókn eða ákveðið að umsækjandi fái að gera upp skuldina með tilteknum hætti ef hann telur, út frá þeim upplýsingum sem hann hefur um umsækjanda, að hægt sé að tryggja hagsmuni ríkissjóðs betur með því að velja aðra leið en 1 til 3 til að gera skuldina upp.

4. gr.

Þegar skuld er gerð upp samkvæmt þessum reglum skal felldur niður innheimtukostnaður annar en útlagður.

5. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs og gjaldheimtur skulu taka umsóknir til afgreiðslu jafnóðum og þær berast. Öllum umsækjendum skal svara fyrir 30. maí 1989.

Tilkynna skal viðkomandi skattstjóra um samninga sem gerðir verða samkvæmt þessum reglum.

Eftirlit með samningum samkvæmt þessum reglum og framkvæmd á þeim verður í höndum fjármálaráðuneytis.

6. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 83/1988, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. febrúar 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.